Ed. **623. Breytingartillögur** [120. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954.

Frá Páli Þorsteinssyni.

1. Á eftir 5. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

   Á eftir 12. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

   Hvert veitingahús, er vínveitingaleyfi hefur, skal halda uppi fullkominni þjónustu án vínveitinga a. m. k. eitt laugardagskvöld af hverjum fjórum eftir kl. 8 síðdegis, samkvæmt reglum, er ráðherra setur að fengnum tillögum áfengisvarnaráðs.
2. Við 9. gr. Á eftir 3. efnismálsgrein greinarinnar komi ný málsgr., svo hljóðandi:

   Verði ungmenni, innan 20 ára aldurs, uppvíst að ölvun, skulu viðkomandi lögregluyfirvöld þegar í stað rannsaka, hver selt hafi eða veitt því áfengið, og skulu hinir seku sæta refsingu samkvæmt 45. gr. þessara laga.